**Nd. 691. Nefndarálit**

um frv. til laga um lögreglustjóra í Ólafsfirði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í máli þessu. Meiri hl. (GÞ, HV, StJSt og TT) leggur til, að frv. verði samþykkt, en undirritaður minni hl. leggur til, að frv. verði fellt. Ástæður minni hl. eru aðallega þær, að hann telur varhugavert fyrir ríkissjóð, að Alþingi gangi lengra á þeirri braut heldur en orðið er, að verða við kröfum kauptúna um sérstakan lögreglustjóra. Er erfitt að sjá, hvar hægt verður að stöðva á þeirri leið, ef fleiri fordæmi verða gefin.

Alþingi, 6. des. 1934.

Bergur Jónsson.